



Hafnarfirði, 24. september 2019

Efni: Velferðartækni

Velferðartækni er ætlað að styðja við sjálfstæði og auka vellíðan og öryggi einstaklinga með færnisgerðingum. Velferðartækni stuðlar að aukinni þátttöku einstaklinganna í samfélaginu. Velferðartækni veitir sveitarfélögum möguleika á að þróa og bæta þjónustuna. Velferðartækni er einnig ætlað að auðvelda starfsmönnum utanumhald um verkefni og gera vinnuna léttari.

Undirrituð hefur setið fyrir hönd Hafnarfjarðar í Samráðshópi SSH um velferðartækni undanfarið ár.

Hópurinn hefur fengið fræðslu og upplýsingar um velferðartækni hérlendis og á Norðurlöndunum. Norðurlöndin eru komin nokkuð langt í innleiðingu tæknilausna s.s. fjarþjónustu lækna, samskiptun og vöktun. Hópurinn hefur fengið kynningu á samnorrænu verkefni sem miðar að innleiðingu tæknilausna í velferðarþjónustu og voru sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu hvött til þess að sækja um þátttöku. Reykjavík hefur sótt um þátttöku og fengið styrk til að byggja upp miðstöð fjarheimaþjónustu. Akureyri hefur fengið styrk til að innleiða notkun Memaxi til ákveðinna hópa sem þurfa sérstaka aðstoð.

Sveitarfélögunum á Höfuðborgarsvæðinu býðst nú þátttaka í samnorrænu verkefni þar sem að hvert sveitarfélag fær um það bil 40 ráðgjafa tíma vegna innleiðingar á velferðartækni.

Velferðartækni sem við notum nú þegar:

RAI HC: þjónustumat til að tryggja hlutlaust mat á þörf þjónustuþegans.

Currón: Currón notum við til að tryggja að upplýsingar um þjónustuþega og þjónustuþarfir komist til skila til starfsmanns á vettvangi. Currón auðveldar allt utanumhald um þjónustuna og samskipti yfirmanns við starfsmann. Í dag eru öll heimili, nema þau 160 sem eru útvistuð, skráð í Currón.

Reiknað er með að hægt verði að skrá þjónustutíma í navision milliliðalaust en það hefur ekki tekist enn. Milliliðalaus skráning þjónustutíma mun spara starfsmönnum og verkefnastjóra mikla vinnu um hver mánaðarmót. Með auðkenni á hverju heimili þarf ekki að kvitta fyrir veittri þjónustu og sparast þar pappír.

Snjallsímar: Starfsmenn eru með snjallsíma þar sem þeir hafa sín vinnuþlön og taka á móti breytingum milliliðalaust. Starfsmenn nota einnig síma sína til netinnkaupa með þjónustuþegum. Þannig sleppa þeir við allan burð.

Hvað er framundan í velferðartæknimálum:

Rafræn skráning í mötuneytum eldri borgara í Hafnarfirði. Að eldri borgarar stimpli sig inn í matinn, eins og gert er í mötuneytum starfsmanna og í skólum. Rafræn skráning tryggir öryggi í reikningagerð.

Rafræn skráning heimsends matar í samvinnu við Skútuna/Veislulist



HAFNARFJÖRÐUR

Fjarnámskeið starfsmanna. Þannig þarf ekki að senda starfsmenn í burtu til að fá fræðslu sem þeir eru í þörf fyrir í samvinnu við Starfsmennt.

Kynning á velferðartækni fyrir eldri borgurum í samvinnu við Félag eldri borgara.

Námskeið í snalltækjanotkun fyrir eldri borgara í samvinnu við félag eldri borgara.

Fjarinnlit með hjálp snjalltækja.

Öll heimili verði skráð í Curron, einnig þau sem eru útvistuð í samvinnu við Daga.

Hér ofan eru bara örfá dæmi um hvernig velferðartækni getur auðveldað okkur vinnuna.

Sjöfn Guðmundsdóttir,
Verkefnastjóri heimabjónustu